

Komið þið sæl og blessuð og – ég veit ekki hvort ég á að segja gleðilega hátíð eða óska til hamingju með daginn... Þetta er jú baráttudagur launafólks og staðan er kannski ekki alveg þannig að baráttunni sé lokið og eintóm hamingja tekin við – en ég segi þá bara: gleðilegan og árangursríkan baráttudag, gott fólk.

Þessi dagur virðist reyndar eiga undir högg að sækja – það er líklega ekki sexí að vera að halda upp á svona gamaldags kommúnistadag á þessum síðustu hipp og kúl tímum. Almennt launafólk er í vaxandi mæli við vinnu á þessum degi, kaupmenn í Kringlu og Smáralind og víðar - líka hér á Ísafirði - vilja víst hafa búðirnar sínar opnar – og eflaust þiggja einhverjir kúnnar það líka. En starfsfólkið er kannski ekki spurt – eða getur ekki annað en samþykkt þessa aukavinnu. Markaðurinn ræður þessu eins og flestu öðru. Markaðurinn er líka stöðugt að reyna að kroppa í stéttarfélögin, brjóta niður samstöðu launafólks t.d. með því að ráða fólk í vinnu sem verktakar án nokkurra réttinda eða skuldbindinga. Ég vona að við berum gæfu til þess að standa vörð um stéttarfélögin og halda þennan dag í heiðri og minnst baráttu og fórna fyrri kynslóða sem hafa fært okkur bætt líf skjör og alls konar réttindi sem við njótum góðs af í dag og tökum jafnvel sem sjálfsögðum hlut.

Okkur þykir líka sjálfsagður hlutur að við búum við lýðræði, velferð, frið og öryggi. Það er ekki sjálfgefið. Á síðustu vikum höfum við mátt, nauðug – viljug, fylgjast með réttarhöldum yfir brjálæðingnum í Noregi sem framdi skelfilegu voðaverkin í Útey og Osló á síðasta sumri. Ég forðast að segja nafnið hans því ég vil helst ekki muna það – enda er það líklega hluti af erindi hans, að gera sjálfan sig frægan og verða skráður á spjöld sögunnar. Maður kemst ekki hjá því að velja þessum einstaklingi fyrir sér, og furða sig á hvernig manneskja getur orðið að þvílíku skrímsli. Helst vildi ég trúá að hann væri einstakur, brjáláður og sjúkur og án samhengis við umhverfið. En ég veit að því miður varð hann ekki til í tómarúmi, hann er afsprengi ákveðinnar hugsunar, hann á sér skoðanasystkin og jafnvel áhangendur, hann er hluti af hreyfingu, svo hryllilegt sem það hljómar. Við horfum á myndir af þessum snyrtilega unga manni sem í útliti minnir helst á Jónas okkar Hallgrímsson, og manni verður á að hugsa: Hann lítur ekki út eins og hryðjuverkamaður. En hvernig lítur hryðjuverkamaður þá út? Við sjáum væntanlega flest fyrir okkur svartskeggjaðan karl með túrban – þennan dæmigerða hryllingsmúslima sem við vitum öll að eru hættulegastir af öllu hættulegu. Blöðin hafa sýnt okkur myndir af þeim og við höfum líka séð þá í sjónvarpinu. Þetta eru mennirnir sem við viljum helst ekki hafa við hliðina á okkur í flugvélinni.

Það er í raun furðulegt að þetta skuli vera ímynd hryðjuverkamanns í hugum Evróufólks, vegna þess að þegar að er gáð kemur í ljós að 99,6% allra hryðjuverkaárása í Evrópu eru framdar af einhverjum öðrum en múslimum. 99,6%. Langflest hryðjuverk í Evrópu eru framin af aðskilnaðarsinum á Spáni og Frakklandi, og þeir eru örugglega margir ljóshærðir og bláeygir eins og norska skrímslið. Það er svo skrítið hvað almennar hugmyndir og ímyndir geta verið fjarri sannleikanum, það er eins og ranghugmyndum hafi verið plantað í hausinn á okkur. Heilapvottur er greinilega stundaður af mikilli grimmd og við sjálf auðveldari fórnarlömb en maður hefði haldið. Nýjasta dæmið kom upp núna um helgina þegar því var slegið upp eins og heilögum sannleika að í Egyptalandi hefði það verið leitt í lög að menn mættu sænga hjá látnum eiginkonum sínum. Sem betur fer er búið að bera þetta til baka, enda tóm lygi og vitleysa. En það er því miður ekki öll vitleysa leiðrétt, oftast en ekki sitjum við uppi með ranghugmyndirnar.

Norski fjöldamorðinginn stendur fyrir allt sem mér finnst fyrirlitlegast; þjóðernisrembu, öfgahægristefnu og kynþáttahatur og hann á sér mörg skoðanasystkin, eins og ég sagði, og þeim fjölgar óhugnanlega ört um alla Evrópu. Mér finnst það mikið áhyggjuefni. Stjórnmalaflokkar sem ala á þjóðernisrembu og útlendingahatri njóta vaxandi fylgis í mörgum nágrannalöndum, t.d. í Finnlandi. „Við erum ekki rasistar“, segja þeir yfirleitt – „en við erum á móti glæpum og hryðjuverkum“. Milli línanna eigum við svo að lesa að það sé samhengi á milli – útlendingar samasem glæpir og hryðjuverk. Einmitt. Þessi söngur er líka byrjaður hér, jafnvel inni á Alþingi. Fyrir skömmu var framið innbrot í Reykjavík og um leið og það fréttist rauk einn þingmaðurinn í pontu og krafðist þess að Íslendingar segðu sig úr Schengen á stundinni – væntanlega vegna þess að einhverjir vondir útlendingar hefðu þarna verið að misnota ferðafrelsið til að koma og stela á Íslandi. Í þetta sinn reyndust það þó vera venjulegir íslenskir glæpamenn sem höfðu framið innbrotið svo að þingkonan læddist aftur í sætið sitt. Gott og vel, það kemur vissulega fyrir að útlendingar fremja glæpi hér á landi og enginn vill flytja inn glæpamenn í landið sitt. En það kemur því miður líka fyrir að Íslendingar fremja glæpi – og stundum í öðrum löndum. Og ef við skoðum aðeins í hvaða löndum Evrópu glæpatíðnin er hæst, kemur í ljós að þar eru t.d. Bretland og Írland fremst í flokki – sem eiga ekki einu sinni aðild að Schengen. Þösum okkur áður en við stimplum heilu þjóðirnar, flestar staðalímyndir eru bull. Gerum ekki sjálfkrafa ráð fyrir að allir séu glæpamenn þangað til þeir hafa sannað að þeir séu það ekki. Tökum á móti fólki eins og við viljum að tekið sé á

móti ættingjum okkar og vinum sem hafa flutt til annarra landa á síðustu árum og gerst útlendingar þar sem þeir búa.

Íslendingar fengu nýlega tilmæli frá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu um að þeir þurfi að hysja upp um sig og sporna gegn hatursfullri umræðu og fordómum í garð útlendinga. Það á ekki að þurfa að setja lög um almenna kurteisi en það er samt bannað með lögum að ráðast gegn einhverjum þjóðfélagshópi með hatursáróðri. En þetta er ekki eitthvað sem lög og reglur geta ráðið við. Eina leiðin til að sporna við þessum óþverra er að tala gegn honum, hvar og hvenær sem við getum, umbera ekki þegar fólk talar niðrandi um einstaka þjóðfélagshópa eða þjóðir, þögn er sama og samþykki. Tilkynnum hatursfullar facebooksíður sem beint er gegn ákveðnum hópum fólks. Kynnum okkur mál og látum ekki planta ranghugmyndum í hausinn á okkur. Hættum að tala um „okkur“ annars vegar og „þau“ hins vegar. Látum í ljósi að við fögnum fjölbreytni í samfélaginu, tökum undir í laginu um börn regnbogans, laginu sem rasistarnir þola ekki, um stjórnur himinsins og marglitu blómin á enginu.

Stundum virðist skiptingin í „okkur“ annars vegar og „þau“ hins vegar, eiga við um landsbyggðina gagnvart höfuðborginni. Spennan milli höfuðborgar og landsbyggðar eykst og eykst. Og þróun byggðar í landinu og ekki síst hér á okkar svæði, er vissulega áhyggjuefni.

Raunveruleikinn sendir okkur eiginlega tvöföld skilaboð um þau mál þessa dagana. Annars vegar er allt í uppgangi hér í Kardemommubæ, nokkur ný fyrirtæki hafa verið stofnuð á síðustu vikum, nýr rækjutogari er nýkominn úr fyrsta túrnum, leikskólabörnum fjölgar, fasteignir seljast, atvinnuleysi mælist lítið sem ekkert, skortur er á stórum íbúðum á leigumarkaði og menningarlífið er eins sprúðlandi galið og geggjað og það hefur alltaf verið. Stuðið er á Ísafirði – ekki bara um páskana.

Hins vegar eru blikur á lofti. Nemendum í skólanum mínum, Grunnskólanum á Ísafirði hefur fækkað úr rúmlega 500 í tæplega 400 á aðeins fjórum árum. Meira en 20 prósent fækkun á fjórum árum. Það er rosalegt. Með sama áframhaldi – ef það fara 25 börn á hverju ári, verður ekkert barn í skólanum eftir 16 ár. Við stöndum nú frammi fyrir því á næsta skólaári í fyrsta sinn sem ég veit til, að það þurfi að segja upp kennurum. Fyrir örfáum árum þurftu skólastjórar af öllu landinu að sitja fyrir nýútskrifuðum kennaranemum og beita alls konar gylliboðum og bellibrögðum til að lokka þá til að koma og vinna hjá sér – en það er liðin tíð.

Hluti af skýringunni á landsvísu er niðurskurður og kreppa, en hér er það að mestu leyti nemendafækkun sem veldur, en það er reyndar líka verið að stækka nemendahópa og skera niður í nafni kreppunnar.

Ég held að núna römbum við á brúninni – það sé enn möguleiki að snúa öflugþróuninni við en ef fólki fækkar hér enn meir, getum við ekki snúið til baka. Allra næstu ár skera úr um það hvort Ísafjörður framtíðarinnar verður einhvers konar safn sem fólk af höfuðborgarsvæðinu, aðallega brottfluttir Ísfirðingar, kemur að heimsækja annað hvert ár til að rifja upp gamlar minningar og fræðast um liðna tíð, bær þar sem enginn býr að vetri til en lifnar við á vorin og setur í sig í fortíðarstellingar, til að þjóna ferðafólki frá Reykjavík og útlöndum. Eða: hvort Ísafjörður framtíðarinnar verður lifandi bær, þar sem fólk lifir og starfar í þróðu samfélagi í takt við sinn tíma, bær með öflugum atvinnulífi, fullur af fjöri og skemmtilegu menningarlífi og uppátækjum eins og Ísafjörður hefur alltaf verið þekktur fyrir. Hér ættu að öllu eðlilegu að vera alls konar öflug matvinnslufyrirtæki, auðvitað fiskvinnsla og rækjuvinnsla með fiskeldi og tilheyrandi, og ég hef aldrei getað skilið af hverju hér er ekki sláturhús og kjötvinnsla, það er auðvitað óskiljanlegt og óþolandi að mjólkurstöðin skyldi flutt burt, vatnsútflutningur ætti að vera hérna sjálfsagt mál, það ætti ekki að vera flókið að setja upp bjórverksmiðjuna sem marga dreymir um og svo framvegis og svo framvegis. Hér ætti líka að vera siglingamiðstöð og að sjálfsögðu ætti Grænlandsflugið að hafa sína aðstöðu hér. Ferðamannþjónusta er sjálfsögð á svona flottum stað en við getum ekki reitt okkur á hana eingöngu, hún verður aldrei annað en sumarvinna. Það er matvælaframleiðsla sem ætti að vera aðalsmerkið okkar, hér í hreinni náttúru við bestu aðstæður.

En það virðast vera alls konar undarleg ljón í veginum. Flutningskostnaður er eflaust eitt af því grimasta og ekki fer hann lækkandi. Hátt orkuverð, alls konar skriffinnska, erfið samkeppni við stórfyrirtæki og eignatengsl lánastofnana við samkeppnisaðila, skattar og tollar, afleiðingar einkavæðingar og hagræðingar og allur fjandinn að ógleymdum eftirlitsiðnaðinum sem tekur sitt – og stendur sig líka svona ljómandi vel, eins og við þekkjum.; allt tekur þetta eitthvað til sín og veldur því að fyrirtækin flytja burt og alla skapaða hluti þarf að senda suður. Fiskurinn sem hér kemur á land er mestallur keyrður suður óunninn. Mjólkinn, sláturféð. Meira að segja sorpið fer suður. Þetta er sjálfsagt flókið mál og ég veit ekki hver lausnin er. En ég er samt nokkuð viss um að ef stjórnvöld í landinu hefðu í alvöru einhvern áhuga á að halda þessu svæði í byggð, þá myndu þau gera það sem

þarf til að skapa lífvænleg skilyrði fyrir atvinnulífið á þessu svæði. Sá sem vill finnur leið – sá sem vill ekki, finnur afsökun.

Þegar fólki fækkar á svæðinu reynir auðvitað mikið á okkur sem hér erum eftir að standa saman. Við erum ekkert sérstaklega góð í því. Við eigum t.d. að tala vel um þær stofnanir og fyrirtæki sem hér eru og nýta okkur þjónustu þeirra. Ef við skiptum ekki við fyrirtækin verða þau ekki hér þegar við þurfum á þeim að halda. Það er mjög einfalt mál. Það er heldur ekki allt fínna sem fæst í búðunum fyrir sunnan.

Hver einstaklingur verður enn dýrmætari fyrir samfélagið þegar fólkinu fækkar. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri og þakka öllu því frábæra fólki sem vinnur að því að halda uppi menningarlífinu í þessum bæ, sem er þrekvirki og ómetanlegt fyrir samfélagið. Húrra fyrir ykkur, það mega allir taka til sín sem eiga það og við vitum öll hver þið eruð. Sem betur fer ennþá alltof mörg til að telja ykkur öll upp. Við hin megum hafa okkur öll við að sækja alla þá viðburði, tónleika, sýningar og uppákomur sem þið standið fyrir – og munum að okkar hlutverk er líka mikilvægt, áhorfendanna, að koma og njóta þess sem í boði er. Það er lítið gaman að útbúa veislu ef engir gestir koma til að njóta veitinganna.

Það verður sjálfsagt enginn heimsendir þótt byggð leggist af á Vestfjörðum. Stærri borgir en Ísafjörður og nærliggjandi þorp hafa farið í eyði án þess að heimurinn hætti að snúast. En ég verð að segja að mér þætti veröldin allmiklu fátækari án þeirra.